

EFTIRLITSSKÝRSLA

Malbikunarstöðin Höfði Reykjavík



Dags eftirlits	3.3.2015	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Malbikunarstöðin Höfði	Fulltrúi UST	
Heimili	Sævarhöfði 6 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5810962919	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Torfason	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis	Elín Ásgeirsdóttir	Staðsetning	362038,627 405923,675

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar. Unnið er eftir samþykktri úrbótaáætlun vegna eldra fráviks.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Farið var yfir tillögu að nýju starfsleyfi en eldra starfsleyfi rann út þann 1. febrúar sl. Sótt var um undanþágu frá starfsleyfi til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og var hún veitt þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út, þó ekki lengur en til 1. október 2015.

Við síðasta eftirlit kom fram eitt eldra frávik varðandi botnþykktarmælingar geyma. Úrbótaáætlun vegna þessa hefur verið samþykkt af eftirlitsaðila. Búið er að mæla alla geymanna nema einn og verður mælingunum við hann lokið fyrir 1. júní 2016 eins og gert er ráð fyrir í áætlun.

Tvær olíuskiljur eru á lóðinni auk einnar litillar skilju sem notuð er til vara. Voru þær tæmdar af Hreinsitækni þann 14. mars 2014 og er það gert reglulega, a.m.k. einu sinni á ári.

Farið var yfir niðurstöður mælinga síðasta árs og voru þær allar innan marka. Hávaðamælingar voru framkvæmdar á lóðinni í ágúst 2014 og voru gildi þeirrar mælingar innan marka starfsleyfis. Rykmælingar voru gerðar í september 2013 og apríl 2014. og voru þær innan marka starfsleyfis. Sísmæling er á ryki frá reykháfum en rekstraraðili lætur mæla hjá óháðum aðilum annað hvert ár til að bera saman við niðurstöður sísmælinganna.

Grænu bókhaldi v. ársins 2013 hefur verið skilað til eftirlitsaðila. Allur úrgangur er flokkaður. Ekki er um spilliefni að ræða fyrir utan rafgeyma en rekstraraðili kemur þeim sjálfur til spilliefnamóttöku enda ekki um marga geyma að ræða árlega.

Engar framkvæmdir eða breyting á rekstrinum eru fyrirhugaðar á árinu og engar kvartanir eða mengunarslys hafa orðið frá síðusta eftirliti. Verksmiðjan hefur ekki stöðvast frá síðasta eftirliti nema til viðhalds og vegna óhagstæðra veðurskilyrða.

Gengið var um lóðina og svæðið skoðað. Tvær stöðvar eru á lóðinni, eldri og yngri og eru þær keyrðar eftir þörfum. Skorsteinn er við hvora stöð og er sísmæling í þeim báðum. Færibönd eru yfirbyggð og fínefnageymsla er við brothús til varnar foki á fínasta efninu. Annars eru hráefnin geymd utandyra í aðskildum haugum. Staðsetning olíuskilja var skoðuð og gengið um þvottaplan og brotstöð. Svæðið er afgirt og vaktað.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

ANNÆÐ

Vinna við endurskoðun áætlanna er langt komin og sendir rekstraraðili þær til eftirlitsaðila þegar þeirri vinnu er lokið.

Vinna við ISO 14001 er á lokastigi og verður úttekt frá vottunaraðila í júní á þessu ári.

Reykjavík, 09.03.2015

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

